

Samantekt svara stjórn mála flokkanna við spurningum Læknablaðsins um heilbrigðisþjónustuna fyrir Alþingiskosningarnar 25. september næstkomandi

4 Enginn flokkur leggst gegn einkarekinni heilbrigðisþjónustu

Allir stjórn mála flokkarnir eru fylgjandi einkarekstri en þó með ólíkum forsendum. Hann getur samrýmt markmiðum stjórnvalda um aðgengi að þjónustu, ef hann er ekki í hagnaðarskygni, er afstaða *Vinstri grænna*.

Sjálfstæðisflokkurinn segir að það sé skýr afstaða sín að virkja eigi kraftinn í einkaframtakinu í auknum mæli á öllum sviðum. *Viðreisn* segir að ekki eigi að skipta máli hver veitir þjónustuna heldur að þjónustan sé fagleg og góð fyrir sjúklinginn.

Miðflokkurinn telur að óhætt að ætla að með því að auka valmöguleika í rekstri verði auðveldara að fá heimilislækna til starfa og *Framsóknarflokkurinn* segir blandaða leið skynsamleg leið. *Flokkur fólksins* er fylgjandi bæði einkareknum og opinberum heilsugæslustöðvum.

Píratar telja að enginn eigi að græða óeðlilega á heilsutapi fólks og því ein leið að banna arðgreiðslur úr rekstri heilbrigðisþjónustu. *Samfylkingin* vill að kjölfesta og meginþungi heilbrigðisþjónustunnar sé í opinberum rekstri.

5 Stjórnarflokkarnir ósamstiga um hvort nýta eigi einkarekna þjónustu til að vinna á biðlistum

Sjálfstæðisflokkurinn telur bagalegt að senda sjúklinga um langan veg út fyrir landsteinana, ef hægt er að veita sömu þjónustu hér á landi. *Vinstri græn* segja hins vegar að efla skuli getu heilbrigðisstofnana til að sinna ákveðnum aðgerðum áður en samið sé við einkaaðila um veitingu þjónustunnar. Ljóst er að stjórnarflokkarnir eru ósamstiga.

Framsóknarflokkurinn segir að mun betra sé að aðgerðirnar séu gerðar hér heima greiði ríkið fyrir þær erlendis en skýran ramma þurfi um þjónustuna. *Flokkur fólksins* segir að hann hafi ítrekað talað gegn því fyrirkomulagi. *Viðreisn* bendir á að flokkurinn hafi í þrígang lagt fram frumvarp sem heimili sjúkratryggðum einstaklingi sem hafi rétt til að sækja sér heilbrigðisþjónustu í öðru EES-ríki að sækja þjónustuna hér á landi. *Miðflokkurinn* segir ástandið nú lýsandi dæmi um uppgjöf kerfisins.

Samfylkingin telur að átak þurfi til að vinna á biðlistum á öllum stigum heilbrigðiskerfisins og *Píratar* telja að alla jafna beri ríkisstofnunum að ná sem hagstæðustu samningum í rekstri sínum.

6 Góð starfsskilyrði og nýsköpun talin stuðla að sterkari landsbyggd

Samfylkingin telur mikilvægt að skilgreina betur stöðu Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri gagnvart öðrum veitendum heilbrigðisþjónustu. Nýta þurfi kragasjúkrahúsin betur. *Píratar* segja að skapa þurfi góð starfsskilyrði á landsbyggðinni fyrir heilbrigðisstarfsfólk. *Miðflokkurinn* hyggst styrkja á ný heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni á öllum stigum hennar. *Framsóknarflokkurinn* bendir á að í stefnu sinni komi fram að ávallt skuli tryggja landsmönnum bestu heilbrigðisþjónustu óháð búsetu.

Flokkur fólksins segir að starfsemi sjúkrahúsa á landsbyggðinni eigi að vera óskert frá því sem nú er. *Sjálfstæðisflokkurinn* bendir á að auka þurfi nýsköpun í heilbrigðisþjónustu og þá ekki síst fjarheilbrigðisþjónustu, þannig að færa megi þjónustuna nær notendum óháð búsetu. *Viðreisn* telur að skilgreina verði betur lágmarksréttindi almennings varðandi aðgengi að heilbrigðiskerfi og taka mið af fjarlægð frá þjónustu.

Vinstri græn segja stóru sjúkrahúsin tvö verða áfram burðarása í heilbrigðisþjónustunni. Áfram þurfi að efla nám í heimilislækningum og tryggja að starfskjör og aðstaða þeirra sem vinna á þeim vettvangi sé viðunandi.

Þau leiða flokkana í kosningum 2021

 <p>Flokkur Fólksins Inga Sæland formaður</p>	 <p>Framsókn Sigurður Ingi Jóhannsson formaður</p>	 <p>Logi Einarsson formaður</p>	 <p>Bjarni Benediktsson formaður</p>
 <p>Miðflokkurinn Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður</p>	 <p>Flokkur fólksins Halldóra Mogensen þingflokksformaður</p>	 <p>VIÐREISN Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir formaður</p>	 <p>VINSTRI GRÆN Katrín Jakobsdóttir formaður</p>

4. SPURNING

Hver er afstaða framboðs ykkar til einkareksturs í heilbrigðiskerfinu; þar á meðal einkarekinna heilsugæslustöðva?



Vilja bæði einkareknar og opinberar heilsugæslustöðvar

Flokkur Fólksins Flokkur fólksins er fylgjandi því að á landinu starfi bæði einkareknar og opinberar heilsugæslustöðvar.

Blandaður rekstur er leið til bættrar þjónustu



Framsókn

Framsóknarflokkurinn leggur fyrst og fremst áherslu á að allir geti sótt sér heilbrigðisþjónustu óháð efnahag. Framsóknarflokkurinn telur að blönduð rekstrarleið sem samanstendur af ríkisrekinni og einkarekinni þjónustu geti átt rétt á sér og geti stuðlað að bættri þjónustu. Blönduð leið er skynsamleg leið og til þess fallin að stuðla að skilvirkni og hagkvæmni. Erfitt hefur verið að fá lækna til þess að fara í sérnám í heimilislækningum. Meðal annars vegna þess að þeir hafa bara eitt form til að fara inn í, það er að starfa á ríkisreknum heilsugæslum á meðan aðrir sérgreinalæknar hafa farið í rekstur með ólíkum hætti. Framsóknarflokkurinn telur það vera skynsamlega þróun að hafa einkareknar heilsugæslustöðvar samhliða ríkisreknum. Með því má tryggja að fleiri lækna sækir sér menntun sem heilsugæslulæknar og aukin þjónusta verður í boði. Tryggja verður heilsugæslu fyrir alla, enda er heilsugæslunni ætlað stórt hlutverk í heilbrigðisþjónustunni við landsmenn samkvæmt lögum.

Einkarekstur er góð viðbót



Einkareknar heilsugæslustöðvar hafa reynst góð viðbót við heilbrigðiskerfið og sannað sig með því að veita góða og vandaða þjónustu. Þær hafa eflt nýliðun meðal heimilislækna á höfuðborgarsvæðinu og veitt læknum val um hvort þeir starfa hjá opinberum aðilum eða reka eigin þjónustu eins og aðrir sérfræðilæknar hafa átt kost á. Óhætt er að ætla að með því að auka valmöguleika hvað varðar rekstrarform, verði auðveldara að fá heimilislækna til starfa. Það hefur verið góð reynsla af rekstri einkarekinna heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu og sú reynsla sýnir að einkarekstur við hlið opinbers rekstrar er góð viðbót í heilbrigðisrekstri. Brýnt er að þetta fyrirkomulag nýtist einnig landsbyggðinni. Mikilvægt er að tryggja að greiðslufyrirkomulagið mismuni ekki sjúklingum og auki gegnsæi í nýtingu fjármuna óháð því hvort einkaaðili eða opinber aðili sér um reksturinn.



VINSTRI GRÆN

Einkarekstur án hagnaðar getur samrýmst markmiðum

Einkarekstur í heilbrigðiskerfinu er og hefur verið umtalsverður hluti af íslensku heilbrigðiskerfi. Slíkur rekstur, ekki í hagnaðarskyni, getur samrýmst markmiðum stjórnvalda um aðgengi að þjónustu.

Einkarekstur ekki á kostnað opinbera kerfisins



Einkarekstur getur verið ágætis leið til að straumlínulaga einstaka rekstrareiningar, svo sem heilsugæslustöðvar. Það má þó aldrei verða á kostnað opinbera kerfisins, að nota fjársvelti til að réttlæta aukna einkavæðingu í heilbrigðisþjónustu. Þíratar telja að enginn eigi að græða óeðlilega á heilsutapi fólks eða tilraunum þess til að halda heilsu. Ein leið að því marki er að takmarka eða banna arðgreiðslur úr rekstri heilbrigðisþjónustu sem færður er til einkaaðila en telst engu að síður til grundvallarmannréttinda allra sem hér búa.

Meginþunginn í opinberum rekstri



Samfylkingin vill að kjölfesta og meginþungi heilbrigðisþjónustunnar sé í opinberum rekstri. Óhagnaðardrífinn rekstur heilsugæslustöðva getur verið valkostur en á ekki að koma í staðinn fyrir almennar opinberar heilsugæslustöðvar heldur sem viðbót þar sem slíkt getur verið valkostur. Hið opinbera verður fyrst og fremst að tryggja aðgengi allra að þessari nauðsynlegu 1. stigs heilbrigðisþjónustu en hætta er á að ef um of verður einblínt á einkarekstur í þessum málum þá muni dreifðari og fámennari byggðir fá verri þjónustu. Því miður er það raunin víða um land og er óásættanlegt. Að mati Samfylkingarinnar getur einkarekstur ekki tekið alfarið yfir þá grunnþjónustu sem hið opinbera á að veita.

Góð þjónusta óháð rekstrarformi



Það er skýr afstaða Sjálfstæðisflokksins að virkja eigi kraftinn í einkaframfarum í auknum mæli á öllum sviðum. Þetta á ekki síst við í heilbrigðiskerfinu, þar sem oftar en ekki má veita betri þjónustu fyrir færri krónur. Það sem mestu máli skiptir í þessu eins og öðru er að góð þjónusta sé til staðar, en ekki hver veitir hana. Það á sannarlega ekki að vera keppikefli að allir þættir þjónustunnar séu beinlínis á hendi ríkisins.

Mikil ánægja hefur mælst hjá notendum einkarekinna heilsugæslustöðva í könnunum og teljum við í Sjálfstæðisflokknum ekki ástæðu til annars en að nýta áfram krafta einkaframfarum á þessu sviði, líkt og öðrum. Við eigum að halda áfram að bjóða út starfsemi heilsugæslunnar til að auka aðgengi, hagkvæmni og skilvirkni og gera veitendum heilbrigðisþjónustu í auknum mæli kleift að starfa sjálfstætt.

Framúrskarandi þjónusta lykilatriði



Viðreisn fagnar fjölbreyttu rekstrarformi. Lykilatriðið er að almenningur njóti framúrskarandi þjónustu og að sú þjónusta falli undir greiðsluþáttökukerfi og gæðaeftirlit ríkisins. Tryggja verður jafnræði þjónustuveitenda óháð rekstrarformi.

Sjálfstætt starfandi fagaðilar (þar á meðal heilsugæslur) eru mikilvægur hluti af opinbera heilbrigðiskerfinu. Viðreisn vill nýta krafta þeirra til að styðja við ríkisrekna hluta opinbera kerfisins.

Þannig getum við veitt fjölbreytta notendamiðaða þjónustu. Markmiðið verður að vera að nýta þá fjármuni sem í boði eru á sem hagkvæmasta máta til að tryggja gæðaðþjónustu og almennt og jafnt aðgengi að þjónustunni.

Það á ekki að skipta máli hver veitir þjónustuna heldur að þjónustan sé fagleg og góð fyrir sjúklinginn. Við eigum að nýta alla krafta sem við höfum, við einfaldlega höfum ekki efni á því að gera það ekki.

5. SPURNING

Stjórnvöld senda fólk sem ekki kemst í aðgerðir á ríkisreknum heilbrigðisstofnunum í aðgerðir erlendis fremur en á einkareknar læknastöðvar innanlands. Hver er afstaða framboðsins til þessa?



Flokkur Fólksins

Tala gegn fyrirkomulaginu

Flokkur fólksins hefur ítrekað talað gegn því fyrirkomulagi. Við teljum að þetta auki áhættu sjúklinga, sniðgangi íslenska lækna og auki kostnað ríkissjóðs.

Tryggja verði ramma og nýta þekkinguna



Framsókn

Framsóknarflokkurinn telur mikilvægt að nýta þá þekkingu og menntun sem til staðar er í landinu hverju sinni. Tryggja verður að skýr rammi sé utan um þá þjónustu sem einkareknar læknastöðvar innanlands veita.

Það þarf að eiga sér stað samtal við þessar stöðvar þar sem fundin verði út leið til þess að gera samning án þess að kostnaður ríkisins verði fram úr hófi. Ef ríkið er að borga fyrir þessar aðgerðir erlendis þá er að sjálfsögðu mun betra að þær séu gerðar hér heima.

Fullvalda þjóðir haldi þekkingunni í landinu



Miðflokkurinn

Slík niðurstaða getur aldrei verið hluti af heilbrigðisstefnu fullvalda þjóðar. Annað gildir um afar sérhæfðar aðgerðir sem ekki er unnt að framkvæma á Íslandi. Það er eðlilegt að við leitum

liðsinnis færustu sérfræðinga utan landsteinanna. Ef við ætlum að tryggja framúrskarandi heilbrigðisþjónustu fyrir alla þá þarf heilbrigðiskerfið að vera hluti af því þekkingarþjóðfélagi sem við viljum reka á Íslandi. Því þarf að gæta þess að hér á landi sé ávallt til staðar eins mikil og ítarleg þekking og unnt er á eðli og meðhöndlun sjúkdóma. Stundum getur verið nauðsynlegt og skynsamlegt að semja um samnýtingu tækja og mannafla um lengri eða skemmri tíma við aðrar þjóðir þegar óvenjulegir og erfiðir sjúkdómar eiga í hlut. Það er hins vegar lýsandi dæmi um uppgjöf kerfisins þegar sjúklingar séu sendir til útlanda í þeim tilgangi að gera til þess að gera einfaldar aðgerðir sem kosta þar þrefalt meira en þær myndu kosta á Íslandi.

Hágæðaðþjónusta umfram sparnað



Alla jafna ber ríkisstofnunum að ná sem hagstæðustum samningum í rekstri sínum. Í einhverjum tilvikum þýðir það að senda þarf sjúklinga erlendis.

En sparnaður er langt frá því að vera eina takmark ríkisins. Í ljósi þeirrar miklu eftirspurnar sem er eftir læknum um allan heim, má hæglega sjá fyrir sér samning sem myndi ekki eingöngu tryggja sjúklingum aðgengi að hágæða þjónustu hér á landi, heldur einnig tryggja sérfræðilæknum störf hér á landi. Þannig mætti koma í veg fyrir atgervisflotta.

Forgangsröðun til að nýta fjármagnið sem best



Samfylkingin telur að það þurfi áttak til að vinna á biðlistum, það áttak þarf að verða með samhentum áttaki á öllum stigum heilbrigðiskerfisins. Heilbrigðisþjónusta hér á landi hefur því miður verið svo vanfjármögnuð að biðlistar lengjast langt úr hófi. Biðlistamenningin í íslensku heilbrigðiskerfi er því miður orðin að venju frekar en hitt og nauðsynlegar aðgerðir í daglegu tali kallaðar valkvæðar. Það er ekki valkvætt að komast ekki fram úr rúmi vegna biðlista í liðskiptaaðgerðir eða komast ekki til vinnu vegna biðlista í legnám svo dæmi séu tekin. Samfylkingin telur að öflugt heilbrigðiskerfi sem er vel skipulagt, vel fjármagnað og vel mannað sé það sem mestu skiptir. Þar sem slíkt kerfi grundvallast á jöfnu aðgengi verður alltaf að forgangsraða og leita leiða til að nýta fjármuni með sem hagkvæmstum hætti.

Virkja eigi kraftinn í einkaframtakinu



Sjálfstæðisflokkurinn telur bagalegt að senda sjúklinga um langan veg út fyrir landsteinana, ef hægt er að veita sömu þjónustu hér á landi. Í þessum málum eigum við að virkja í auknum mæli kraftinn í einkaframtakinu innanlands þar sem það er mögulegt. Það er engum greiði gerður, hvorki sjúklingum, læknum né ríkissjóði, með því að leita langt yfir skammt þegar kemur að heilbrigðisþjónustu.

Fólk fái að nýta sérfræðilæknana hérlendis



VIÐREISN Viðreisn hefur gagnrýnt fyrirkomulagið að sjúklingar séu sendir erlendis í aðgerðir þegar hægt er að framkvæma þær með lægri tilkostnaði og meira öryggi á Íslandi. Viðreisn hefur í þriggja lagat fram frumvarp sem heimilarsjúkratryggðum einstaklingi sem hefur rétt til að sækja sér heilbrigðisþjónustu í öðru EES-ríki að sækja þjónustuna hér á landi þótt samningur um heilbrigðisþjónustu við viðkomandi lækna stofu (eða samsvarandi) sé ekki fyrir hendi. Skilyrði fyrir slíkri heimild er að þjónustan sé veitt af aðila sem uppfyllir allar kröfur sem til slíkrar þjónustu eru gerðar.

Ljóst er að það er mikið rask fyrir sjúklinga að vera sendir úr landi í aðgerðir enda sýna dæmin að margir treysta sér ekki í slíka för þó það sé í boði. Þessi stefna stjórnvalda er óskiljanleg, á sama tíma og hér á landi er vannýtt aðstaða og sérfræðipækning til staðar til að framkvæma sömu aðgerðir.



VINSTRIGRÆN

Hið opinbera gangi fyrir

Forsenda þess að greitt sé fyrir þjónustu með opinberu fé er sú að fyrir liggi samningar við viðkomandi aðila um þjónustuveitingu. Slíkt hefur ekki legið fyrir innanlands í þeim tilvikum þar sem fólk hefur þegið aðgerðir utan Íslands, þó að innlendir aðilar hafi haft aðstöðu og getu til að framkvæma aðgerðir. Það er mat VG að forgangsraða skuli fjármagni í hina opinberu heilbrigðisþjónustu og að efla skuli getu heilbrigðisstofnana til að sinna ákveðnum aðgerðum áður en samið er við einka-aðila um veitingu þjónustunnar.

6. SPURNING

Lengi hefur verið vandi að manna læknisstörf í dreifbýli landsins. Í ljósi þeirrar stefnu að hver íbúi landsins hafi rétt á heimilislækni, hver er stefna framboðs ykkar varðandi lækna kort dreifbýlisins? Hver er stefna framboðsins varðandi önnur sjúkrahús en Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri?



Flokkur Fólksins

Jafnt aðgengi óháð búsetu

Flokkur fólksins vill tryggja jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu fyrir alla landsmenn óháð búsetu. Við viljum efla heilbrigðisstofnanir landsbyggðarinnar og auka nærþjónustu. Við viljum fjölga heimilislæknum á landsbyggðinni og sérfræðingum. Foreldrar eiga ekki að þurfa að flytja til Reykjavíkur ef barn þeirra þarfnast tiltekinnar þjónustu. Við viljum vinda ofan af þeirri þróun sem hefur átt sér stað undanfarna ár og koma í veg fyrir að fólk á landsbyggðinni þurfi að óttast svartíma neyðarþjónustu vegna þess hve langt er í næsta sjúkrahúsi, slökkvibíli eða lögreglubíli. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar eru lykilmættir í innviðum héraða landsins. Starfsemi sjúkrahúsa á landsbyggðinni á að vera óskert frá því sem nú er og eflaust mætti efla hana á sumum sérsviðum svo sem í liðskiptiaðgerðum. Við viljum að hjúkrunarheimili á landsbyggðinni verði eflað svo að allir fái að dvelja í heimabyggð á sínum efri árum.

Vilja styrkja heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni



Miðflokkurinn hefur lagt mikla áherslu á að styrkja heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni og snúa þannig við þeirri óheillaþróun sem hefur orðið þar undanfarna áratugi með síversnandi þjónustu og verra aðgengi að henni. Miðflokkurinn leggur áherslu á að sjúkrahúsið á Akureyri verði áfram háskólasjúkrahús og njóti sömu stöðu og Landspítalinn ásamt því að sjúkrahúsin á landsbyggðinni og heilsugæslan verði eflað verulega með nútíma tækjabúnaði, læknum og hjúkrunarfólki ásamt því að standa vörð um aðgengi íbúa landsins að fullkominni heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, þar með talið geðheilbrigðisþjónustu. Miðflokkurinn hyggst þannig styrkja á ný heilbrigðisþjónustu á öllum stigum hennar enda óeðlilegt að flytja sjúklinga á milli landshluta þeim til mikils óhagræðis í öllu tilliti. Huga þarf að nýjum tæknilausnum, s.s. fjarlækningum en Miðflokkurinn leggur þó þá áherslu á að ekkert kemur í staðinn fyrir mannlega nánd.

Nýta megi námslán til að fá lækna út á land



Framsókn

Í stefnu Framsóknarflokksins kemur fram að ávallt skuli tryggja landsmönnum bestu heilbrigðisþjónustu óháð búsetu. Efla þarf fjarlækningar og þannig nýta færni sérfræðinga til þess að þjónusta alla landsmenn. Jafna þarf aðgang að heilbrigðisþjónustu, óháð búsetu, með því að auka þjónustu sérfræðilækna utan höfuðborgarsvæðisins með samningum við sérhæfðu sjúkrahúsin. Framsóknarflokkurinn telur mikilvægt að sem flestir læknanemar fái tækifæri til þess að kynna heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni í gegnum námið. Mikilvægt er að búa til aðlaðandi vinnuumhverfi fyrir heilsugæslulækna

á landsbyggðinni þannig að þeir geti hugsað sér að setjast að í viðkomandi bæjarfélögum. Nýta má námslánakerfið sem hvata fyrir fólk til þess að setjast að í dreifðum byggðum. Þá bætir Loftbrúin, sem er áherslumál Framsóknar, aðgengi að miðlægrri þjónustu í höfuðborginni með 40% afslætti af heildarfarþegagjaldi. Framsóknarflokkurinn telur mikilvægt að heilbrigðisstofnanir landshlutanna geti rekið umdæmissjúkrahús til að sinna almennri sjúkrahúsþjónustu, á göngu- og dagdeildum eftir því sem við á, fæðingarhjálp, endurhæfingu o.fl.

Allir landsmenn fá sama aðgengi



Þeir stjórnmalaflokkar sem eingöngu hugsa um að „minnka báknið“ munu komast að þeirri niðurstöðu að best sé að flytja alla þjónustu til Reykjavíkur. Þíratar eru mjög mótfallnir slíkum hugsanagangi, enda eiga allir landsmenn heimtingu á sama aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Erfiðleikar við að sækja þjónustuna á landsbyggðinni eru ekki aðeins slæmir fyrir fólk heldur dýrari fyrir samfélagið þegar upp er staðið. Um leið og við sköpum góð starfsskilyrði á landsbyggðinni fyrir heilbrigðisstarfsfólk, og aukum þannig líkur á að það ilengist þar, vilja Þíratar hagnýta öll þau tækifæri sem tæknin hefur upp á að bjóða. Hvers kyns nýsköpun á sviði fjarheilbrigðisþjónustu, samhliða auknum stuðningi við spítala og heilsugæslustöðvar landsbyggðarinnar, er einhver öflugasta og mikilvægasta byggðastefna sem völ er á.

Stefnunni fylgi pólitískt hugrekki og fjármagn



Samfylkingin telur mikilvægt að skilgreina betur stöðu Landspítalans og Sjúkrahúsins á Akureyri gagnvart öðrum veitendum heilbrigðisþjónustu, sem þó hefur að einhverju leyti verið gert með heilbrigðisstefnu sem samþykkt var á Alþingi. En slíkri stefnu þarf að fylgja pólitískt hugrekki og fjármagn. Samfylkingin vill fela Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri að tryggja jafnt aðgengi landsmanna að sérhæfðri þjónustu með samningum við heilbrigðisstofnanir í öllum landshlutum, bæði með stað- og fjarlækningum. Þá vill Samfylkingin að kannaður verði grundvöllur til frekari menntunar í lækningum við Háskólann á Akureyri í samvinnu við Sjúkrahúsið þar nyrðra. Stjórnvöld ættu einnig að ganga til samninga við sérfræðilækna um að sjá íbúum dreifðari byggða fyrir þjónustu og þá mætti einnig íhuga að skapa hagræna hvata fyrir heilbrigðisstarfsfólk að sinna heilbrigðisþjónustu fjarri heimabyggð þannig að ekki væri um uppgripavinnu að ræða heldur stöðuga veitingu þjónustu fyrir alla landsmenn. Nýta þarf framfarir í tæknilausnum og auka fjarlækningar þar sem því verður við komið. Nýta þarf kragasjúkrahúsin mun betur með auknu fjárframlagi og mönnun. Við ákvarðanatöku um niðurskurð til heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni hafa stjórnvöld neytt rekstraraðila til að loka á einstaka þjónustu sem flyst þá öll yfir á biðlista á Landspítala, notendum og veitendum þjónustunnar til tjóns. Vinda þarf ofan af þessu svo tryggja megi bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu.

Mikilvægt að auka nýsköpun og fjarheilbrigðisþjónustu



Það mikilvægt að það sé ákjósanlegt og spennandi fyrir lækna að starfa í öllum byggðum landsins. Starfsumhverfið þarf að vera aðlaðandi og tækifæri til staðar fyrir lækna til að verða frumkvöðlar í að byggja upp öfluga starfsemi á landsbyggðinni, rétt eins og á höfuðborgarsvæðinu.

Í þessu samhengi skiptir miklu að auka enn við nýsköpun í heilbrigðisþjónustu og þá ekki síst fjarheilbrigðisþjónustu, þannig að færa megi þjónustuna nær notendum óháð búsetu.

Traust heilbrigðisþjónusta víða í forgang



VIÐREISN Í fámennu landi er ljóst að sérþekking líkt sú sem liggur innan Landspítala og eftir atvikum Sjúkrahúsins á Akureyri verður ekki byggð upp á sama hátt víðar um landið. Að sama skapi er ljóst að dreifbýlið gerir að verkum að við verðum að hafa trausta heilbrigðisþjónustu víða. Sú vinna þarf að njóta forgangs á næsta kjörtímabili.

Skilgreina verður betur lágmarksréttindi almennings varðandi aðgengi að heilbrigðiskerfi og taka mið af fjarlægð frá þjónustu. Það er mikilvægt að við þá vinnu verði leitað í smiðju heilbrigðisstofnana/sjúkrahúsa í landsbyggðunum sem best þekkja til aðstæðna á hverjum stað.

Við höfum mikið svigrúm til að bæta fjarþjónustu í landsbyggðunum. Forsenda þess er að tryggja örugg fjarskipti, ljósleiðara og þriggja fasa rafmagn um allt land. Forsendan er einnig að tryggja nauðsynlegan tækjabúnað og þekkingu á honum í dreifðari byggðum. Með tölulegum markmiðum um fjarheilbrigðisþjónustu getum við unnið gegn læknaþörf og aukið verulega þjónustu á landsbyggðinni.



VINSTRI GRÆN

Efla nám, tryggja starfskjör og aðstöðu

Á þessu kjörtímabili hefur fjöldi þeirra sem stunda nám í heimilislækningum á Íslandi stóraukist, m.a. vegna markvissra aðgerða stjórnvalda. Vonandi sjáum við fyrir endann á þeim viðvarandi skorti á heimilislæknum sem hefur verið undanfarin ár, á næstu árum. Áfram þarf að efla nám í heimilislækningum á Íslandi og tryggja að starfskjör og aðstaða þeirra sem vinna á þeim vettvangi sé viðunandi. Stóru sjúkrahúsin tvö verða áfram burðarásar í heilbrigðisþjónustu á Íslandi og minni umdæmissjúkrahús, sem eru oft rekin í tengslum við heilsugæslustöðvar, munu í æ ríkara mæli verða að sinna almennari þáttum heilbrigðisþjónustu auk eftirmeðferðar og endurhæfingar.